ALM VERÐBRÉF HF.

Reglur um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum

Efnisyfirlit

Breytingasaga **3**

1 Almenn atriði **4**

2 Greining hagsmunaárekstra innan félagsins **4**

3 Ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum **5**

4 Stjórnun og tilkynning um hagsmunaárekstra **6**

5 Skjölun **7**

6 Eftirlit og endurskoðun **7**

7 Viðurlög **7**

8 Birting **8**

BREYTINGASAGA

2022 03 23	Breytingasögu bætt við en efni óbreytt.
2024 02 01	Sniðmát uppfært án efnislegra breytinga.
2024 09 01	Lagatilvísanir uppfærðar.
2025 02 28	Breytingar vegna umsóknar um aukið starfsleyfi.

1 ALMENN ATRIÐI

Tilgangur

1.1 Reglum þessum er ætlað að tryggja að ALM Verðbréf hf. („ALM Verðbréf“ eða „félagið“) geri allar viðeigandi ráðstafanir til að greina og koma í veg fyrir eða takast á við hagsmunaárekstra í tengslum við veitingu fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu, fjárfestingarstarfsemi eða vegna annarrar starfsemi félagsins og stuðla þannig að heilindum markaðarins og hagsmunum viðskiptavina.

Grundvöllur

1.2 Reglur þessar eru settar með vísan til laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga og reglna sem settar á grundvelli þeirra, einkum ákvæði reglugerðar (ESB) 2017/565 og reglugerðar nr. 976/2021. Þá taka reglurnar mið af viðmiðunarreglum EBA um innri stjórnarhætti (EBA/GL/2021/05) („viðmiðunarreglurnar“).

Gildissvið

1.3 Reglurnar eru settar á samstæðugrundvelli og gilda um allt starfsfólk félagsins og samstæðu þess. Þegar vísað er til ALM Verðbréfa eða félagsins er einnig átt við félög innan samstæðunnar, eins og við getur átt. Þegar vísað er til *starfsfólks* er jafnframt átt við *viðkomandi aðila*[1] í skilningi reglugerðar (ESB) 2017/565, eftir því sem við á.

1.4 Við mat á hagsmunaárekstrum í tengslum við starfsfólk ALM Verðbréfa skal ekki eingöngu litið til hagsmuna viðkomandi starfsfólks heldur sömuleiðis nánustu fjölskyldu starfsfólks og fyrri starfa, eftir því sem við á.

1.5 Reglurnar teljast vera stefna ALM Verðbréfa um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum í skilningi 34. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565 og viðmiðunarreglnanna.

2 GREINING HAGSMUNAÁREKSTRA INNAN FÉLAGSINS

2.1 Greina skal hagsmunaárekstra sem upp geta komið í tengslum við veitingu fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu félagsins sem kunna að skaða hagsmuni viðskiptavina eða óskir þeirra um sjálfbærni eða í tengslum við aðra starfsemi félagsins. Forstöðumenn sviða bera ábyrgð á að greining á hagsmunaárekstrum fari fram innan þess sviðs sem þeir stýra.

2.2 Almenn greining á hagsmunaárekstrum í starfsemi ALM Verðbréfa samkvæmt gr. 2.1 fer fram með reglubundnum hætti og þegar sérstakt tilefni er til, t.d. við skipulagsbreytingar.

2.3 Atviksbundnar greiningar á hagsmunaárekstrum skulu framkvæmdar í tengslum við einstök verkefni, eftir því sem ástæða er til. Frumgreining á hagsmunaárekstrum skal liggja fyrir áður en vinna við tiltekið verkefni hefst og skal fullnægjandi greining á hagsmunaárekstrum hafa verið framkvæmd í síðasta lagi áður en samningssamband kemst á. Styðjast skal við þau gögn og upplýsingar sem liggja fyrir á hverjum tíma og meta hagsmunaárekstra út frá þeim. Uppfæra skal greiningu á hagsmunaárekstrum ef tilefni er til.

2.4 Við greiningu á hagsmunaárekstrum skal að jafnaði taka tillit til mikilvægi þeirra hagsmuna sem um ræðir svo grípa megi til viðeigandi ráðstafana hverju sinni.

2.5 Hagsmunaárekstrar geta komið upp á milli:

[1] Hugtakið *viðkomandi aðili* í tengslum við verðbréfafyrirtæki, merkir eitthvað af eftirfarandi: a) stjórnarmaður, meðeigandi eða sambærilegur aðili, stjórnandi eða einkaumboðsmaður fyrirtækisins, b) stjórnarmaður, meðeigandi eða sambærilegur aðili eða stjórnandi hjá einkaumboðsmanni fyrirtækisins, c) starfsmaður fyrirtækisins eða einkaumboðsmanns fyrirtækisins og aðrir einstaklingar sem veita þjónustu í umboði og undir stjórn fyrirtækisins eða einkaumboðsmanns fyrirtækisins sem koma að því að veita fjárfestingarþjónustu fyrirtækisins eða annast fjárfestingarstarfsemi þess, d) einstaklingur sem kemur beint að því að veita verðbréfafyrirtækinu eða einkaumboðsmanni þess þjónustu samkvæmt útvistunarfyrirkomulagi sem er gagngert til að fyrirtækið geti veitt fjárfestingarþjónustu eða annast fjárfestingarstarfsemi.

a) ALM Verðbréfa og viðskiptavina félagsins;

b) viðskiptavina félagsins innbyrðis;

c) starfsfólks ALM Verðbréfa og viðskiptavina félagsins;

d) ALM Verðbréfa eða starfsfólks ALM Verðbréfa og samstæðufélaga félagsins; og

e) starfsfólks ALM Verðbréfa og félagsins sjálfs.

2.6 Við mat á því hvort hætta sé á að hagsmunaárekstrar geti skapast við veitingu fjárfestingar- og/eða viðbótarþjónustu, sem geta skaðað hagsmuni viðskiptavina, þ.m.t. hvað varðar óskir þeirra um sjálfbærni, eða í tengslum við aðra starfsemi félagsins, mun ALM Verðbréf taka til skoðunar hvort félagið sjálft, starfsfólk þess eða aðili sem er beint eða óbeint tengdur félaginu í gegnum yfirráð:

(a) sé líklegur til að njóta fjárhagslegs ágóða eða forðast fjárhagslegt tap á kostnað viðskiptavinar,

(b) hefur hagsmuna að gæta af niðurstöðu þeirrar þjónustu sem viðskiptavini er veitt og þessir hagsmunir eru annars eðlis en hagsmunir viðskiptavinar,

(c) hafi fjárhagslegan hvata eða annars konar hvata til þess að setja hagsmuni annars viðskiptavinar eða hóps viðskiptavina framar hagsmunum hlutaðeigandi viðskiptavinar,

(d) stundi sams konar rekstur og viðskiptavinur,

(e) tekur við, eða mun taka við, hvatagreiðslu í formi peningalegs eða ópeningalegs ávinnings eða þjónustu frá aðila öðrum en viðskiptavininum í tengslum við veitingu þjónustu til viðskiptavinarins.

2.7 Starfsfólki ALM Verðbréfa ber að vekja athygli forstöðumanns viðkomandi sviðs á eigin einkahagsmunum sem kunna að stangast á við hagsmuni ALM Verðbréfa, starfsfólks ALM Verðbréfa eða viðskiptavina félagsins í tengslum við tiltekið verkefni, áður en vinna við umrætt verkefni hefst.

3 RÁÐSTAFANIR GEGN HAGSMUNAÁREKSTRUM

3.1 Gripið skal til viðeigandi ráðstafana til að koma í veg fyrir eða takast á við hagsmunaárekstra sem upp koma í starfsemi ALM Verðbréfa. Slíkar ráðstafanir eiga að tryggja að starfsfólk sinni störfum sónum af tilhlýðilegu óhæði. Forstöðumenn félagsins bera ábyrgð á að gripið verði til viðeigandi ráðstafana til að koma í veg fyrir eða takast á við hagsmunaárekstra.

3.2 Við val á viðeigandi ráðstöfunum skal gera greinarmun á því hvort um tilfallandi eða viðvarandi hagsmunaárekstur sé að ræða. Ráðstafanir skulu vera í hæfilegu samræmi við alvarleika viðkomandi hagsmunaáreksturs.

3.3 Í því skyni að koma í veg fyrir eða takast á við hagsmunaárekstra í starfsemi ALM Verðbréfa hefur m.a. verið gripið til eftirfarandi ráðstafana:

a) Starfsvið ALM Verðbréfa eru aðskilin í samræmi við reglur félagsins um aðskilnað starfseininga, í þeim tilgangi að takmarka eins og kostur er upplýsingastreymi á milli starfsfólks sem stundar starfsemi sem hefur í för með sér hættu á hagsmunaárekstrum, þegar líkur eru á að slík upplýsingaskipti geti skaðað hagsmuni eins eða fleiri viðskiptavina.

b) Sérstakt eftirlit er með starfsfólki sem hefur það meginhlutverk að sinna starfsemi fyrir hönd viðskiptavina eða veita viðskiptavinum þjónustu, þegar viðkomandi viðskiptavinir eiga hagsmuna að gæta eða fara fyrir hagsmunum sem geta stangast á við hagsmuni ALM Verðbréfa, starfsfólks ALM Verðbréfa eða annarra viðskiptavina félagsins.

c) ALM Verðbréf hefur sett reglur um hvatagreiðslur, gjafir og umbun í því skyni að koma í veg fyrir að nokkur aðili geti haft óviðeigandi áhrif á það hvernig starfsfólk félagsins sinnir fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu eða fjárfestingarstarfsemi, eða takmarka getu til að hafa slík áhrif.

d) ALM Verðbréf hefur tekið upp verklag í því skyni að takmarka eða stýra tilvikum þar sem starfsfólk tekur samtímis, eða í beinu framhaldi, þátt í mismunandi verkefnum, þegar slík þátttaka kann að valda hagsmunaárekstrum.

e) Viðskipti starfsfólks með fjármálagerninga fyrir eigin reikning eru jafnan háð tilkynningu til eða samþykki regluvarðar, samkvæmt reglum félagsins um einkaviðskipti starfsfólks.

f) ALM Verðbréf hefur tekið upp verklag til að tryggja að verkefni sem gætu valdið hagsmunaárekstrum hjá tilteknu starfsfólki félagsins séu færð til óháðs starfsfólks.

g) ALM Verðbréf hefur sett sér reglur um heimildir starfsfólks til þátttöku í atvinnurekstri, m.a. til þess að koma í veg fyrir að þátttaka starfsfólks í annarri starfsemi en félagsins geti haft óviðeigandi áhrif á viðskipti tengd umræddri starfsemi.

h) Félagið hefur sett sér reglur um viðskipti stjórnarmanna og reglur um viðskipti starfsfólks við félagið í því skyni að koma í veg fyrir að óhæðis sé ekki fyllilega gætt við töku ákvarðana. Jafnframt er fjallað um viðskiptaerindi stjórnar í starfsreglum stjórnar.

i) ALM Verðbréf starfrækja regluvörslueiningu sem hefur eftirlit með hagsmunaárekstrum í starfsemi félagsins.

3.4 Félagið skal fylgja reglum þessum og, eftir því sem við á, setja sér viðeigandi verklag, kerfi, stjórntæki og ferla til að sinna viðbótarkröfum sem gerðar eru í 3. þætti II. kafla reglugerðar (ESB) 2017/565.

4 STJÓRNUN OG TILKYNNING UM HAGSMUNAÁREKSTRA

4.1 Ef starfsfólk telur hagsmunaárekstur hafa komið upp eða að líkur séu á hagsmunaárekstri, sem kann að skaða hagsmuni viðskiptavinar, skal upplýsa regluvörð með tölvupósti, með upplýsingum um viðkomandi atvik eða ástand.

4.2 Regluvörður skal leggja mat á hvort um hagsmunaárekstur sé að ræða og vera til ráðgjafar um þær aðgerðir sem grípa skal til í því skyni að koma í veg fyrir eða takast á við hagsmunaárekstur eða mögulegan hagsmunaárekstur. Regluverði skal einnig heimilt, telji hann þörf á, að bera meðferð málsins undir framkvæmdastjóra.

4.3 Dugi aðferðir og ráðstafanir félagsins ekki til að veita fullnægjandi vissu fyrir því að hagsmunaárekstrum verði afstýrt skal félagið áður en þjónusta er veitt, upplýsa viðkomandi viðskiptavini um eðli og upptök hagsmunaárekstranna. Að sama skapi skal upplýsa viðskiptavininn um þær áhættur sem leiða af viðkomandi hagsmunaárekstrum og hvaða ráðstafanir hafi verið gerðar til að draga úr hættunni. Í upplýsingunum skal koma skýrt fram að skipulags- og stjórnunarráðstafanirnar sem félagið hefur komið á til að koma í veg fyrir eða takast á við slíka árekstra dugi ekki til að tryggja, svo fullnægjandi þyki, að komið sé í veg fyrir hættu á að hagsmunir viðskiptavinarins skaðist.

4.4 Upplýsingar á grundvelli gr. 4.3 skulu veittar á varanlegum miðli og vera nægilega ítarlegar, með hliðsjón af því hvers konar viðskiptavin um ræðir, til að gera honum kleift að taka upplýsta ákvörðun að því er varðar þá þjónustu sem hagsmunaáreksturinn tengist. Þjónusta skal ekki veitt fyrr en viðskiptavinur hefur gefið afdráttarlaust samþykki fyrir því að veita þjónustunni viðtöku þrátt fyrir hættu á að hagsmunaárekstrar kunni að vera fyrir hendi.

4.5 Það úrræði sem fram kemur í gr. 4.3-4.4 skal notað sem þrautavaraúrræði og eingöngu ef skilvirkar skipulags- og stjórnunarráðstafanir félagsins duga ekki til að tryggja, svo fullnægjandi þykir, að komið verði í veg fyrir hættu á að hagsmunir viðskiptavina skaðist.

4.6 Þegar upp koma alvarlegir hagsmunaárekstrar sem félaginu er ekki heimilt að upplýsa einstaka viðskiptavini um mun félagið ekki veita þjónustu sem tengist framangreindum árekstrum.

5 SKJÖLUN

5.1 ALM Verðbréf hefur í viðauka I við reglur þessar („viðaukinn“) skilgreint aðstæður og atvik í starfsemi félagsins sem geta valdið hagsmunaárekstrum sem kunna að skaða hagsmuni viðskiptavina ef ekki er gripið til viðeigandi ráðstafana, í samræmi við ákvæði gr. 2.1.

5.2 Skrá skal haldin á tölvutæku formi utan um atvik sem valda eða kunna að valda hættu á hagsmunaárekstrum í starfsemi félagsins. Skráðar skulu ákvarðanir og ráðstafanir gerðar vegna viðkomandi atvika og af hverju umræddar ráðstafanir þykja fullnægjandi til að afstýra hættu á hagsmunaárekstrum. Þá skal skrá upplýsingagjöf til viðskiptavina á grundvelli gr. 4.3 og samþykki viðskiptavina í samræmi við gr. 4.4.

5.3 Hvers konar hagsmunaárekstrar sem kunna að koma upp hjá stjórn félagsins, hvort sem er einstaklingsbundnir eða í heild, skulu skráðir sérstaklega. Slíkir hagsmunaárekstrar skulu teknir fyrir af hálfu stjórnar, þar ræddir og leiddir til lykta. Kappkostað skal að skjala hvert skref frá því að vart verður við slíka hagsmunaárekstra fram til endanlegrar afgreiðslu.

5.4 Regluvörður heldur utan um skráningu á grundvelli gr. 5.1-5.3. Regluvörður skal láta framkvæmdastjórn félagsins í té skýrslur a.m.k. árlega um þær aðstæður sem um getur í þessum kafla.

6 EFTIRLIT OG ENDURSKOÐUN

6.1 Regluvörður og innri endurskoðandi hafa eftirlit með framfylgd þessara reglna.

6.2 Regluverði er heimilt að stöðva framkvæmd viðskipta telji hann hættu á hagsmunaárekstrum. Hafi viðskipti þegar átt sér stað og regluvörður telur að hagsmunir viðskiptavinar hafi mögulega skaðast vegna hagsmunaárekstra skal hann gera framkvæmdastjóra viðvart og gera tillögur um viðeigandi viðbrögð.

6.3 Forstöðumenn félagsins skulu tryggja að starfsfólk á þeirra vegum þekki reglur félagsins og skyldur sínar samkvæmt þeim, þ.m.t. að starfsfólk fái og sæki reglulega fræðslu um hagsmunaárekstra.

6.4 Félagið endurskoðar reglur þessar, ásamt viðaukanum, í það minnsta árlega, auk þess sem verklagsreglur og verkferlar eru reglulega endurskoðaðir m.t.t. reynslu af hagsmunaárekstrum, sbr. gr. 2.2-2.3.

6.5 Breytingar á reglum þessum verða aðeins gerðar skriflega og taka gildi þegar stjórn félagsins hefur samþykkt þær. Breytingar á viðauka skulu gerðar skriflega og samþykktar af framkvæmdastjóra.

7 VIÐURLÖG

7.1 Brot gegn reglunum geta varðað formlegri áminningu og eftir atvikum brottrekstri, auk þess sem þau geta varðað refsingu eftir því sem kveðið er á um í lögum um markaði fyrir fjármálagerninga.

7.2 Regluvörður skal tilkynna um alvarleg og ítrekuð brot til framkvæmdastjóra og/eða stjórnar, eftir atvikum, og innri endurskoðanda.

8 BIRTING

8.1 Reglur þessar eða a.m.k. útdráttur úr þeim skal vera aðgengilegur á vef félagsins.

Reykjavík, 30. október 2025

Stjórn ALM Verðbréfa hf.

VIÐAUKI I – Upptalning á mögulegum hagsmunaárekstrum

Mögulegir hagsmunaárekstrar á milli ALM Verðbréfa og viðskiptavina félagsins

- Þegar fjárfestingaráðgjöf er veitt hafi ALM Verðbréf hafa beina eða óbeina fjárhagslega hagsmuni af viðskiptunum.
- Þegar átt eru viðskipti fyrir hönd viðskiptavina hafi ALM Verðbréf beina eða óbeina fjárhagslega hagsmuni af viðskiptunum.

Mögulegir hagsmunaárekstrar á milli viðskiptavina félagsins innbyrðis

- Þegar fjárfestingaráðgjöf er veitt er varða viðskipti milli viðskiptavina félagsins og viðkomandi viðskiptavinir standa ekki jafnfætis hvað varðar upplýsingagjöf.
- Þegar unnið er að viðskiptum á milli viðskiptavina félagsins og viðkomandi viðskiptavinir standa ekki jafnfætis hvað varðar upplýsingagjöf.
- Þegar unnið er að viðskiptum fyrir hönd fleiri en eins viðskiptavina félagsins og viðkomandi viðskiptavinir standa ekki jafnfætis hvað varðar upplýsingagjöf eða kjör.

Mögulegir hagsmunaárekstrar á milli starfsfólks ALM Verðbréfa og viðskiptavina félagsins

- Þegar fjárfestingaráðgjöf er veitt hafi starfsmenn beina fjárhagslega hagsmuni af viðskiptunum.
- Þegar fjárfestingaráðgjöf er veitt hafi starfsmenn persónuleg tengsl við eigendur eða forsvarsmenn þess sem ráðgjöfin beinist að.
- Þegar átt eru viðskipti fyrir hönd viðskiptavina hafi starfsmenn beina fjárhagslega hagsmuni af viðskiptunum.
- Þegar átt eru viðskipti fyrir hönd viðskiptavina hafi starfsmenn persónuleg tengsl við eigendur eða forsvarsmenn þess sem átt eru viðskipt með.

Mögulegir hagsmunaárekstrar á milli ALM Verðbréfa eða starfsfólks ALM Verðbréfa og samstæðufélaga félagsins

- Þegar átt eru viðskipti fyrir hönd samstæðufélaga hafi ALM verðbréf eða starfsmenn beina eða óbeina fjárhagslega hagsmuni af viðskiptunum.

Mögulegir hagsmunaárekstrar á milli starfsfólks ALM Verðbréfa og félagsins sjálfs.

- Þegar átt eru viðskipti fyrir hönd ALM verðbréfa og starfsmenn hafa beina eða óbeina fjárhagslega hagsmuni af þeim.